

Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar Reykhólahrepps

fimmtudaginn 4. júní 2009 kl. 15:00.

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5a.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Karl Kristjánsson, Guðrún Guðmundsdóttir, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Júlía Guðjónsdóttir, Ingibjörg Smáradóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Karl bauð menn velkomna og setti fund.

Fundurinn var boðaður símleiðis og með tölvupósti og ekki voru gerðar athugasemdir við fundarboðunina.

#### **Dagskrá:**

1. Bréf dags. 26. maí 2009 frá Áslaugu B. Guttormsdóttur með ósk um launalaust leyfi frá 1. ágúst 2009 til 31. júlí 2010. (Mál: 0905037). Samþykkt.
2. Skóladagatal 2009-2010. Skóladagatalið samþykkt.
3. Kennslukvóti 2009-2010. Meðaltalskennslustundafjöldi 147 yfir skólaárið. Gert er ráð fyrir 1,2 stöðgildum stuðningsfulltrúa.

#### **Önnur mál.**

1. Bókasafn. Fyrirspurn frá Ástu Sjöfn um stöðu bókasafnsmála. Fundurinn ítrekar að gamli íþróttasalurinn verði tilbúinn sem skólastofa fyrir næsta skólaár þar sem tilvonandi bókasafn verður til húsa.
2. Reykhóladagurinn. Rætt var um fyrirhugaðan Reykhóladag þann 29. ágúst n.k.
3. Skólastjóri skýrði frá því að stofnað hafi verið skólaráð þann 26. maí s.l. Fundargerð liggur fyrir.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:00.

Karl Kristjánsson (sign)

Guðrún Guðmundsdóttir (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Júlía Guðjónsdóttir (sign)

Ingibjörg Smáradóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)